

Danslistarskóli

Fréttabréf, maí 2026

JSB



DANSLISTARSKÓLI

Takk fyrir veturinn!

Nú er enn eitt skólaárið liðið eða 59. starfsár JSB og við erum gríðarlega þakklát fyrir alla dásamlegu nemendurnar okkar.

Við erum ótrúlega stolt af framförum nemenda í vetur og frábærri frammistöðu í tímum, á opnu húsi í desember og á nemendasýningum skólans í Borgarleikhúsinu í maí svo eitthvað sé talið upp.

Takk fyrir yndislegar samverustundir í vetur.
Við hlökkum til sjá ykkur öll aftur eftir sumarfríið!

Kennarar JSB



Skráning fyrir næsta vetur

Forskráning núverandi nemenda skólans fyrir næsta skólaár er í fullum gangi í Abler appinu. Allir nemendur ættu að hafa fengið reikning fyrir staðfestingargjaldinu í Abler.

Jazzballettnemendur þurfa að staðfesta plássið sitt eigi síðar en 31. maí n.k.

Nemendur á grunnstigi og Listdansbraut JSB hafa þegar greitt staðfestingargjaldið.

Greiða þarf staðfestingargjald svo nemandi haldi sínu plássi. Athugið að staðfestingargjald fæst ekki endurgreitt.

Nýnemaskráning hefst 1. júní og verður auglýst á heimasíðunni okkar jsbdans.is og á Facebook- og Instagramsíðum skólans.

Vinsamlegast sendið póst á helgahlin@jsb.is ef einhverjar spurningar vakna varðandi staðfestingargjaldið eða skráningu fyrir haustið.

Viðburðir vetrarins

GISTINÓTT 13-15 ára nemenda

11.-12. október 2025





HREKKJAVÖKUBALL 10-12 ára nemenda

30. október 2025



UNGLIST í Borgarleikhúsinu

2. nóvember 2025



OPIÐ HÚS hjá jazzballetthópum

8. - 14. desember 2025



DANS INTENSIVE fyrir Listdansbraut JSB

16. - 18. desember 2025




UNDANKEPPNI GLOBAL DANCE OPEN - rafræn

8. febrúar 2026




LONDONFERÐ Listdansbrautarnema

19. - 22. febrúar 2026



UNDANKEPPNI DANCE WORLD CUP

23. febrúar 2026



DANSBIKARINN

15. mars 2026



ÁRSHÁTÍÐ 13-15 ára nemenda

7. apríl 2026



Barnmenningar hátíð

21. apríl 2026



Heimsókn frá og í Íslenska Dansflokkinn





ÞEMAÆFINGAR fyrir nemendasýningu JSB


26. apríl 2026



NEMENDASÝNING JSB

4. - 5. maí 2026





KRAFTUR ALHEIMSINS



ÚTSKRIFT af Listdansbraut JSB

maí 2026



Á döfínni...

 **Sumarnámskeið JSB**
27. maí - 8. júní 2026

 **Nýnemaskráning hefst**
1. júní 2026

 **Global Dance Open á Spáni**
14. - 19. júlí 2026

Kveðja til Önnu

Eftir ótrúleg 59 ár í leik og starfi í JSB fögnum við konunni sem hefur verið með okkur frá upphafi. Hægri hönd Báru og mikilvæg vinkona.



Elsku Anna okkar

TAKK fyrir að gefa svona mikið af þér til skólans okkar. TAKK fyrir að móta starfið sem við vinnum og TAKK fyrir að vera traust samstarfskona sem alltaf var hægt að leita til.

Þú hefur verið leiðbeinandi, mentor, traust stoð og hlýtt hjarta fyrir svo marga, bæði nemendur og kennara. Fyrir það verðum við ævinlega þakklát!

*Þín verður sárt, sárt saknað!!
Bára, Þórdís & kennarar í JSB*

P.S.


Dyrnar eru alltaf opnar! Hlökkum til að fá þig oft í heimsókn ♥



JSB 60 ára

Við fögnum 60 ára starfsafmæli skólans
vorið 2027.

Hlökkum til að fagna með ykkur næsta
skólavetur 2026-2027!!





DANSLISTARSKÓLI